



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 30. ágúst 2021

2009307SA KB

Málalykill: 00.11

Efni: Innleiðing laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 26. ágúst 2021 var fjallað um innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn sambandsins hvetur sveitarfélög til þess að hefja undirbúning innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Slíkur undirbúningur getur falið í sér endurskoðun verkferla með aukinni áherslu á samhæfingu verklags þvert á svið. Stjórnin telur það vera hlutverk sambandsins að miðla upplýsingum frá sveitarfélögum sem þegar eru komin áleiðis í sambærilegri vinnu auk upplýsinga frá félagsmálaráðuneyti um framgang innleiðingar laganna.“

Eins og sveitarstjórnnum er kunnugt er um að ræða málefni sem hefur ítrekað komið til umfjöllunar á vettvangi starfshóps um skýrari verka- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, svonefndri grábókarnefnd, sem heyrir undir samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, þ.e. Jónsmessunefnd. Starfsmenn sambandsins sem eiga sæti í fyrrnefndu nefndinni eru Tryggvi Þórhallsson og María Kristjánsdóttir og eru þau, eins og ávallt, boðin og búin að veita nánari skýringar ef eftir því er leitað.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri